

Nd. 70. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 47 10. marz 1952, og þá sérstaklega í því skyni að gera á henni eftirfarandi breytingar:

1. að lækka fastagjald af gripahúsum,
2. að lækka fastagjald vegna vélnotkunar samkv. C. 5, t. d. þannig, að það miðist við notkunartíma vélanna og fastagjald greiðist ekki fyrir þá mánuði, sem vélarnar eru ekki notaðar.

Greinargerð.

Í gjaldskrá fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins er svo fyrir mælt, að af gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, skuli greiða fastagjald eins og af félagsheimilum, skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum og þess háttar. Hefur þetta gjald valdið því, að þorri bænda treystist ekki til að taka rafmagn í útihús, nema það minnsta, sem komizt verður af með.

Þá finnst bændum ósanngjarnt að verða að greiða auk gjalds fyrir raforkuna fastagjald, er nemur 1200 kr. á ári, af hverjum rafmagnsmótor, sem notaður er til heyblásturs eða annarra starfa um sumartímann. Skiptir þar engu, hvort mótorinn er notaður í 1 mánuð eða t. d. 6 mánuði á ári hverju. Hefur þetta orðið til þess, að sumir bændur hafa horfið frá að afla sér slíkra mótora, en leitað í þess stað annarra úrræða. Að fenginni þessari reynslu teljum við flutningsmenn þessarar tillögu tímabært að taka þessi umræddu ákvæði til endurskoðunar og leiðréttingar.